

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

**Tilkynning um framkvæmdir vegna fyrirhugaðrar skógræktar
sem kunna að vera matsskyldar skv. 19. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat
framkvæmda og áætlana**

Hér með eru tilkynntar framkvæmdir á þremur eftirfarandi sjálfstæðum landspildum:

1. Álfadalur, L 236324, 110ha.
2. Álfheimar, L 236615, 70 ha.
3. Skógarbrekkur, L236325, 50 ha.

Framkvæmdaraðili Álfadals og Álfheima er Skógálfar ehf, kt. 571208-0590.

Framkvæmdaraðili Skógabrekkna er Hannes Lentz, kt. 041259-5829.

Á fundi sveitarstjórnar Grímsness- og Grafningshrepps þann 18. september 2023 var tekin fyrir umsókn um framkvæmdaleyfi vegna fyrirhugaðrar skógræktar í Álfadal. Niðurstaðan varð samhljóða niðurstöðu skipulagsnefndar um að fyrirhuguð framkvæmd væri tilkynningaskyld og afgreiðslu leyfisins því frestað á meðan beðið væri eftir ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu.¹ Framkvæmdaraðilinn Skógálfar ehf féllst á ákvörðun sveitarstjórnar. Einnig er fyrirhuguð skógrækt á tveimur öðrum spildum, Áfheimum og Skógarbrekkum viðbótarland en þær hafa ekki verið til meðferðar hjá Grímsnes- og Grafningshreppi. Vigfús Þór Hróbjartsson, skipulagsfulltrúi hjá umhverfis- og tæknisviði Uppsveita, leiðbeindi framkvæmdaraðilum um

¹ **Mál nr. 33; Álfadalur L236324; Neðra-Apavatn L168269; Skógrækt; Framkvæmdaleyfi – 2309002**

Lögð er fram umsókn frá Skógálfum ehf. er varðar útgáfu framkvæmdaleyfis vegna skógræktar í Álfadal L236324 úr landi Neðra-Apavatns sbr. meðfylgjandi umsókn og ræktunaráætlun.

Sveitarstjórn bendir á að áður hafi verið veitt framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt á landi Álfabrekku (100 ha) og Álfaskeið (132,7 ha) sem eru samliggjandi viðkomandi landi Álfadals þar sem gert er ráð fyrir gróðursetningu á 90,7 ha svæði auk þess sem skilgreint skógræktarsvæði er á landi Álfhóls sem tekur til 25 ha svæðis. Að mati sveitarstjórnar er eðlilegast að horfa til þessara svæða sem heild og að samantöld skógrækt á svæðinu öllu geti verið í heild allt að 350 ha. Við það telst verkefnið orðið tilkynningarskyldt á grundvelli laga um umhverfismat framkvæmda- og áætlana nr. 111/2021, 1. viðauka gr. 1.04. Að auki liggur fyrir að gefin hafa verið út framkvæmdaleyfi á aðliggjandi landi Skógabrekku á 90 ha svæði. Sveitarfélagið hefur verið í samskiptum við Skipulagsstofnun vegna heimilda í tengslum við skógrækt og telur nauðsynlegt að fá álit Skipulagsstofnunar á því hvort horfa eigi til landsvæðisins í heild sinni eða hvers landssvæðis fyrir sig þegar skógræktarheimildir eru metnar tilkynningarskyldar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fresta afgreiðslu framkvæmdaleyfis þar til niðurstaða Skipulagsstofnunar um matsskyldu verkefnisins liggur fyrir.

að rétt væri að þessi tilkynning tæki einnig til þeirra enda væru þær innan sama svæðis og komið að því að beðið verði um framkvæmdarleyfi.

Hér á eftir munu framkvæmdaraðilar gera grein fyrir framkvæmdunum, tilgangi og líklegum jákvæðum og neikvæðum áhrifum þeirra á umhverfið í nútíð og framtíð.

I. Yfirlit framkvæmda og tilgangur framkvæmdaáðila.

Meðfylgjandi loftmynd nr. 1 sýnir landspildurnar þrjár og afstöðu þeirra við þau svæði þar sem skógrækt er þegar hafin. Loftmynd nr. 2 sýnir hvernig skógræktarsvæðin liggja innan hreppsins og lágu innan jarðanna Neðra-Apavatns og Þóroddsstaða áður en þeim var lögformlega skipt út úr jörðunum. Einnig sýnir myndin vatnsverndarsvæðin og læki. Skýringar koma fram á loftmyndinni.

Tilkynnt er skógrækt á þremur spildum sem er viðbót við skógrækt sem þegar er hafin á eftirfarandi spildum:

Álfhóll, L210521, 25 ha jörð og fullgróðursett, byrjað 2008.

Álfabrekka, L233248, 100 ha og fullgróðursett. Útgefið framkvæmdarleyfi.

Álfaskeið, L233749, 141,5 ha og fullgróðursett. Útgefið framkvæmdarleyfi.

Skógarbrekkur, L233752, 120 ha og byrjað að gróðursetja, ásamt Skógarbrekkur annað land 30 ha L 236325 sem á að sameina við L233752. Útgefið framkvæmdarleyfi fyrir 90 ha.

Spildurnar þrjár sem tillkynning þessi tekur til eru samtals 230 ha að stærð en fyrir er skógrækt á landspildum sem eru samtals 386,5 ha. Framkvæmdir á spildunum eru unnar í samræmi við fyrirmæli verkefnisins Skógarkolefnis og sérlaga um skóga og skógrækt nr. 33/2019.

Um er að ræða heiðarland sem áður var hluti jarðanna Neðra-Apavatns og Þóroddsstaða.

Framkvæmdaáðilar keyptu umræddar þrjár landspildur í því skyni að rækta skóg til bindingar kolefnis og stefna samhliða að því að ná öðrum lögbundnum og ólögbundnum markmiðum skógræktar en vikið verður að þeim í kaflanum um áhrif skógræktarinnar á umhverfið.

Í meðfylgjandi eru ræktunaráætlun fyrir Álfabrekku, mars 2022 og fyrir Álfadal, maí 2023 er gerð grein fyrir hvernig staðið er og verður að skógræktinni. Meðfylgjandi staðfestingarskýrsla iCert fyrir Álfabrekku, dags. 17. október 2023, er mjög lýsandi fyrir þau skógræktarverkefni sem fyrir eru og þau sem fyrirhuguð eru.

II. Staða tilkynntra spildna innan skipulags Grímsness- og Grafningshrepps.

Í gildi er aðalskipulag 2020 – 2032. Áform um skógrækt á þessum þremur spildum samræmist gildandi aðalskipulagi en þar er land flokkað og er nytjaskógrækt heimil í flokkum L2 og L3 og þar af leiðandi á landspildunum þremur. Sérstakt þemakort skógræktar fylgdi eldra aðalskipulagi og sýnir skógrækt á samskonar landi samliggjandi spildunum þremur. Eins og að framan greinir hefur aðliggjandi land verið samþykkt sem skógræktarland af hreppnum og

gefin út framkvæmdarleyfi. Þegar liggur því fyrir afstaða hreppsins um að nytjaskógrækt á spildunum falli vel að aðalskipulaginu og markmiðum þess um að skógrækt verði nýtt til bindingar kolefnis svo sveitarfélagið geti orðið kolefnishlutlaust, að skapa loftslagsvæna byggð og stuðla að bættri vitund íbúa um loftslagsmál m.a. með skógrækt.

III. Staða tilkynntra spildna að lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana og leyfi sem framkvæmdin er háð.

Um er að ræða þrjár sjálfstæðar spildur sem eru 30 til 110 ha að stærð, samtals 210 ha. Falla því undir framkvæmdir í flokki B hvort sem litið er á þær sjálfstætt hverja og eina eða allar saman² Þar sem fyrirhugaðar framkvæmdir falla ekki í flokk A hefur löggjafinn tekið afstöðu til þess að ekki sé um framkvæmd að ræða sem ávallt sé háð umhverfismati en kann að vera það.

Framkvæmdir eru háðar framkvæmdaleyfi frá sveitarfélagi. Leyfis Heilbrigðisteftirlits Suðurlands er þörf, þar eð skógræktin fer að hluta til fram á grann- og fjarsvæðum vatnsverndar. Engar raflínur eru á framkvæmdasvæðinu eða í námunda við það.

IV. Líkleg áhrif fyrirhugaðrar skógræktar á þessum þremur spildum á umhverfið:

1. Landnýting. Landnýtingin undanfarin ár hefur takmarkast við væga sauðfjárbreit nágrannajarða enda var svæðið ekki afgirt. Víðáttumikil afréttarlönd koma í staðinn og þróun í landbúnaði hefur verið í þá átt að sauðfé er haft heima og ekki rekið á fjall. Framkvæmdaraðilum er ekki kunnugt um aðra mögulega landnýtingu á þessi svæði en til landbúnaðar og skógræktar og því ekki tilefni til að fjalla um að skógræktin komi til með að hafa áhrif á aðra mikilvæga landnýtingu í framtíðinni. Í því sambandi er rétt að taka það fram að tæknilega er skógrækt afturkræf og skóg hægt að ryðja fyrir annarri landnýtingu en kannski ekki raunhæft sökum mikilla verðmæta skógar m.a. vegna bindingar kolefnis.
2. Náttúrufar. Spildurnar þrjár liggja í SA-lægum hlíðum í um 80 – 220 m.h.y.s. Landið er hæðótt með drögum á milli og er nær allt vel gróið en jarðvegur rýr. Landform er ávalt og yfirborð aðallega mosi og mólendi og land er þurr og fáir lækir renna af heiðinni. Engin náttúrulegur birkiskógur er á landspildunum. Byggð er engin innan svæðis eða önnur mannvirki.³ Hrísmói er á hluta landsins með lyngi og svolitlum víði. Á stöku stað er graslendi og graslendishálfdeigja. Megnið af gróðursamfélögunum sem finna má á svæðinu hefur lágt eða miðlungs verndargildi skv. vistgerðakorti NÍ⁴, og eru það helst hraungambravist (lágt verndargildi) og starmóavist (miðlungs). Nokkrar

² <https://www.skipulag.is/umhverfismat-framkvæmda/framkvæmdir-hadar-mati/>

Meðal framkvæmda í flokki B eru nýræktun skóga á 200 ha svæði eða stærra og vatnsorkuver með uppsett rafafli 200 kW eða meira (allt að 10 MW)

³ Landslag á Íslandi, flokkun og kortlagning landslagsgerða á Íslandi, Efla og LUC, 17.11.2020. Bls. 49.

https://www.skipulag.is/media/landsskipulagsstefna-vidbaetur/Skyrslan_Lokaeintak-2-.pdf

⁴ <https://vistgerdakort.ni.is/> eða www.vefsja.is fyrir smærri skala.

vistgerðir hafa hátt eða mjög hátt verndargildi skv. korti NÍ, t.d. lyngmóavist og língresis- og vingulsvist (hátt) og starungsmýrarvist (mjög hátt verndargildi). Innan spildnanna eru svæði merkt sem lítt raskað votlendi og mun skógurinn líklega ekki hafa áhrif á það enda gerir ræktunaráætlun ráð fyrir því að í útjöðrum votlendisfláka verði birkiplöntunum plantað gisið. Ekki virðist því tilefni til að gera ráðstafarnir um endurheimt votlendis enda votlendissvæðin sem fyrir eru sérstaklega vernduð sbr. Meðfylgjandi ræktunaráætlun og verður hvorki hreyft við landinu eða plantað í, sjá m.a. reita, tegunda og jarðvinnslukort í ræktunaráætlunum. Gætt er að Stangarlæk, mýrum og vatnafari í ræktunaráætlun og ekki verður gróðursett það nálægt vatnsbökkum að það hindri umferð gangandi manna. Stangarlækur verður fyrir jákvæðum áhrifum vegna minna vindrofs og jafnara vatnsrennslis. Gróska eykst og hefur áhrif á jarðvegsmyndun og kemur í veg fyrir jarðvegstap. Búast má við að stöku tegundir eins og bláberjalyng og rauðberjalyng gætu orðið hluti af skógarvistkerfinu þegar tímar líða. Skógur breytir landi og lífræðileg fjölbreytni á eftir að breytast með vexti skógarins, bæði dýralíf og gróðurfar. Þar sem gróður er fábrotinn fyrir kemur fjölbreyttari undirgróður með annarskonar sveppum, fléttum, flóru og smádýrafánu. Í heiðinni þar sem spildurnar þrjár liggja hefur þéttleiki mófugla ekki verið rannsakaður sérstaklega, en líklegt þykir að þéttleiki þeirra þar sé sambærilegur því sem gengur og gerist annarsstaðar á Suðurlandi við svipuð skilyrði. Búast má við að þegar mólendi, rýrt eða ríkt, breytist í skóg, muni lóu fækka, sem og spóa. Kjörlandi lóu er mólendi, en varp spóa er mun þéttara á hálfgrónum áreyrum. Aðrar fuglategundir sem finnast í mólendi að ráði kjósa ýmist blautara eða ríkara land (lóuþræll, stelkur, jaðrakan, og tjaldur) og óvíst er hvort hrossagauk muni fækka þegar búsvæði hans er breytt í skóg.⁵ Ekki verður gróðursett í votlendi, og því verður allt votlendi aðgengilegt fuglum eftir sem áður. Umfang votlendis á svæðinu liggur fyrir (sbr. fyrirbyggjandi ræktunaráætlanir og grunngróðurkortlagningu fyrir svæðið) Þess er gætt að skógrækt á mörkum votlendis og mólendis (þ.e. að hve miklu leyti deiglendi verður tekið undir skógrækt) sé nær mólendinu. Vísbendingar eru um að sumar fuglategundir, sem ekki kjósa sér skóg til búsvæða, taki sér síður bólfestu á svæðum nálægt skógi, þó að þau henti þeim að öðru leyti. Áhrifin kunna að ná fáein hundruð metra frá skógarjaðri.⁶ Ekki er ljóst hvort rjúpu muni fjölga eða fækka á svæðinu í kjölfar þess að skógur vex upp

3. Fyrir gróðursetningu verður landið jarðunnið, með TTS-herfi sem býr til 10-20 cm djúpar og 30-40 cm breiðar rásir í landið, sem auðvelda gróðursetningu og bæta lífsskilyrði plantanna fyrstu árin og bæta og auka vöxt þeirra út æviskeiðið. Ekki er búist við að tap á jarðvegi eða kolefni úr honum verði mikið við þessa jarðvinnslu, enda er landið rýrt. Herfingarnar verða látnar fylgja landinu, þ.e. rásirnar verða þvert á landhalla á hverjum stað og mynda þannig línur sem líkjast frekar þeim náttúrulegu línunum og flötum sem fyrir eru í landinu og þannig fellur skógurinn betur inn í legu landsins og hann verður fallelgr og eðlilegrí útlits í framtíðinni. Sjónarmið um hvort

⁵ Tómas Grétar Gunnarsson (2020). *Búsvæði og vernd íslenskra vaðfugla*. Náttúrufræðingurinn 90 (2–3) bls. 145–162, 2020. <https://timarit.is/page/7497480?iabr=on>

⁶ Pálsdóttir, A. E., Gill, J. A., Alves, J. A., Pálsson, S., Méndez, V., Ewing, H., & Gunnarsson, T. G. (2022). Subarctic afforestation: Effects of forest plantations on ground-nesting birds in lowland Iceland. *The Journal of Applied Ecology*, 59(10), 2456–2467. <https://doi.org/10.1111/1365-2664.14238>

skógur sé fallett en landið sem fyrir er heyrir meira til smekksatriða sem takmarkað er hægt að gera grein fyrir. Ljóst er að ásýnd landsins breytist mikið en þó minna en ella þar sem fyrir eru samliggjandi skógræktarsvæði. Ekki eru sérstakar jarðmyndanir innan spildnanna eins og klettur og því ekki tilefni til umfjöllunar um að þær fái að njóta sín innan skógarins. Meðfylgjandi ræktunaráætlun fyrir Álfabrekku, mars 2022 sem liggur til grundvallar þegar samþykktu svæði er að efni sínu í öllum meginatriðum eins og þær sem fyrirhuguð skógrækt byggir á enda ræður landið og landgæðin að mestu vali þeirra trjáa sem ræktuð eru og verða á svæðinu. Sjá einnig meðfylgjandi ræktunaráætlun fyrir Álfadal, maí 2023

4. Minjar. Fyrir liggur skýrsla um skráningu fornleifa í Grímsnes- og Grafningshreppi frá árinu 2018. Samkvæmt henni er ekki að finna minjar eða fornleifar innan þessara þriggja spildna. Komi í ljós slíkar minjar við framkvæmd verksins verður það tilkynnt til Minjastofnunar Íslands og þess gætt að verði ekki raskað á meðan nánari rannsókn fer fram.
5. Áburðar- og varnarefnanotkun. Ekki stendur til að notast við eitur eða varnarefni við skógræktina, hvorki á gróðursetningartíma né eftir að skógurinn er kominn á legg. Áburðarnotkun er lítil í skógrækt (miðað er við um 15 g á nýgróðursetta plöntu, og eru það þá undir 50 kg á hektara í eitt skipti) samanborið við aðra ræktun, t.d. tún eða akurrækt (sem er 300...700 kg/ha/ári eftir gerð túna). Ef mikil afföll verða á fyrstu árum, er mögulegt að ráðast þurfi í íbætur eftir fyrstu gróðursetningu. eru þá gróðursettar plöntur þar sem upp á vantar, og borið á þær sama magn á hverja nýgróðursetta plöntu einsog gert er við fyrstu gróðursetningu. Rannsóknir hafa sýnt að útskolun á smáum áburðarskömmtum veldur ekki útskolun í grunnvatn.⁷ Trjáplöntur og annar gróður fullnýtir þann áburð sem settur er með trjám við gróðursetningu, enda er skortur á nitri og fosfór landlægur.

6. Vatnsverndarsvæði.

Við svæðið norðvestanvert er brunnsvæði (VB-4 í aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032).⁸ Lítil hluti svæðisins er inni á grannsvæði (VG-1), og mikill hluti svæðisins á fjarsvæði (VF-1).

Um starfsemi á mismunandi flokkum verndarsvæða vatnsverndar er skv. reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 með áorðnum breytingum:⁹

13. gr., I. flokkur. Brunnsvæði.

Brunnsvæði er næsta nágrenni vatnsbólísins. Það skal vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim, sem nauðsynlegar eru vegna

⁷ https://www.skog.is/wp-content/uploads/2019/02/lbl_1999-1-mid.pdf

⁸ Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2023 – 2032.

<http://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/display.aspx?countyno=8719>

⁹ <https://www.ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Reglugerdir/Hnattræn-mengun/r796-1999.pdf>

vatnsveitunnar. Heilbrigðisnefnd getur, þar sem þörf krefur, krafist þess að svæðið skuli girt mannheldri girðingu, sem sé minnst 5 metra frá vatnsbóli.

Vatnsbólið er skv. greinargerð með gildandi aðalskipulagi í notkun, fyrir Þóroddsstaði og Neðra-Apavatn. Umsækjanda er ókunnugt um hve stór brunnsvæðið er, og hvort það nær innfyrrir fyrirhugað skógræktarsvæði. Í öllu falli, sbr. grannsvæði og fjarsvæði vatnsverndar, verður Heilbrigðiseftirlit Suðurlands tilkynnt um hvenær framkæmdir hefjast. Engar framkvæmdir verða á brunnsvæðinu. Hugsanlegt er að með tímanum muni tré sá sér innfyrrir brunnsvæðið. Framkvæmdaraðilar telja til óþurftar að fara inn á brunnsvæðið í framtíðinni til að uppræta sjálfsáningu, enda yrðu upprættingaraðgerðir alltaf skaðvænlegri fyrir brunnsvæðið og vatnsgæði þar, en trjágróðurinn sjálfur. Ef þurfa þykir, að mati þartilbærra aðila, mun verða brugðist við sjálfsáningu.

13. gr., „II. flokkur. Grannsvæði.

[...] Á þessu svæði skal banna notkun á hættulegum efnum og birgðageymslu slíkra efna. Hér er m.a. átt við olíu, bensín og skyld efni, salt, eiturefni til útrýmingar á skordýrum eða gróðri og önnur efni sem mengað geta grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn. Ekki skal leyfa nýjar byggingar, sumarhústaði eða þess háttar á svæðinu. Vegalagnir, áburðarnotkun og önnur starfsemi innan svæðisins skal vera undir ströngu eftirliti.“

Hvað varðar fyrirhugaða skógrækt er mögulegt að vega- og slóðagerð, áburðarnotkun og eiturnotkun geti fallið undir ákvæði reglugerðarinnar. Einsog áður sagði stendur ekki til að notast við eitur við skógræktina, hvorki á gróðursetningartíma né eftir að skógurinn er kominn á legg. Áburðarnotkun er lítil í skógrækt (miðað er við um 15 g á nýgróðursetta plöntu, og eru það þá undir 50 kg á hektara í eitt skipti) samanborið við aðra ræktun, t.d. tún eða akurrækt. Rannsóknir hafa sýnt að útskolun á smáum áburðarskömmtum veldur ekki útskolun í grunnvatn¹⁰. Trjáplöntur og annar gróður fullnýtir þann áburð sem settur er með trjám við gróðursetningu, enda er skortur á nitri og fosfór landlægur. Tilkynnt verður verður um áburðarnotkun, slóðagerð og jarðvinnslu til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

Um fjarsvæði segir í áðurnefndri reglugerð:

13. gr., III. flokkur. Fjarsvæði. „Fjarsvæði er á vatnasvæði vatnsbólsins en liggur utan þess lands sem telst til I. og II. flokks verndarsvæðanna. Þar sem vitað er um sprungur eða misgengi á þessu svæði, skal fyllstu varúðar gætt í meðferð efna, sem talin eru upp í II. flokki. Stærri geymslur fyrir slík efni eru bannaðar á svæðinu. Heilbrigðisnefnd getur gefið út frekari fyrirmæli varðandi umferð á þessu svæði, svo og um byggingu sumarhúsa og annarra mannvirkja.“

Ljóst er að skógrækt á svæðinu gengur ekki gegn ákvæðum í reglugerð sem fjalla um fjarsvæði vatnsverndarsvæða. Eftir sem áður verður eitur ekki notað eða geymt í tengslum við skógræktina á svæðinu. Áburðarnotkun verður stillt í hóf, og áburði í

¹⁰ https://www.skog.is/wp-content/uploads/2019/02/lbl_1999-1-mid.pdf

öllu falli ekki sóað þannig að hann leki niður í grunnvatn eða önnur vatnshlot. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands verður tilkynnt um áður en framkvæmdir á fjarsvæðinu hefjast, og á það einnig við um jarðvinnslu og slóðagerð. Um vöktun og hugsanlega upprætingu sjáfsáinna trjáa á það sama við hér og á brunnsvæði.

7. Spildurnar þrjár eru viðbót við það sem fyrir er. Að flestu leyti dregur það úr áhrifum fyrirhugaðra skógræktar að fyrir eru samliggjandi skógræktarsvæði. Fyrirhuguð skógrækt fellur þar af leiðandi betur en ella að landinu og styðja verkefnin hvert annað með ýmsum hætti bæði út frá skógfræði og í rekstri. Viðbótarskógurinn þrengir þó enn frekar en verið hafði að nokkrum þáttum eins og núverandi landnýtingu og mófuglum.
8. Samfélag. Í Grímsnesi hafa verið skipulagðar víðfemar frístundabyggðir en hefðbundinn landbúnaður er á undanhaldi. Skógræktarsvæði eins og fyrirhuguð eru á þessum spildum styðja við þessa þróun og auka virði frístundabyggðar og land almennt. Spildurnar sem hér um ræðir eru hannaðar þannig að auðvelt verður að fara um þær gangandi og þær með tengingu við aðliggjandi skógræktarsvæði auk þess sem ekki er plantað nálægt lækjum. Kveðið er á um heimildir manna til að ganga um skógræktarsvæði í 2. mgr. 18. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Skógræktin kallar strax á framkvæmdir sem auka atvinnu og í framtíðinni verða fjölbreytt skógarnot. Vísa má til skógræktar á Snæfoksstöðum sem dæmi um vel heppnaða samfélagslega framkvæmd.
9. Binding kolefnis. Fyrirhuguð skógrækt telst mikilvægur liður í að ná loftslagsmarkmiðum Grímsness- og Grafningshrepps og Íslands. Líklegt þykir að skógarkolefniseiningar komi til með að verða verðmæt söluvara í framtíðinni og framleiðsla þeirra mikilvægar fyrir íslenskt atvinnulíf í harðnandi heimi.
10. Fjárfestingar. Framkvæmdaraðilar keyptu nýverið landspildurnar og greiddu fyrir þær um og yfir 300.000 krónur pr. hektara auk kostnaðar og vinnu við undirbúning framkvæmdarleyfa og girðinga.
11. Annað sem getur haft neikvæð áhrif á umhverfið. Hér að framan hafa framkvæmdaraðilar gert grein fyrir því helsta sem þeir hafa upplýsingar um og telst hafa líkleg áhrif á umhverfið. Þeim er ekki kunnugt um annað sem máli getur skipt við mat Skipulagstofnunar á því hvort fyrirhuguð skógrækt á þessum þremur spildum skuli teljast matskyldar framkvæmdir.

V. Þýðing umhverfismats.

Þegar litið er til eðlis skógræktarinnar á þessum þremur spildum auk samlegðaráhrifa við það sem fyrir er eiga framkvæmdaraðilar erfitt með að sjá hvaða þýðingu umhverfismat ætti að hafa enda liggja allar helsu upplýsingar fyrir um eiginleika framkvæmdanna og áhrif þeirra á umhverfið. Reynt var eins og kostur var að tíunda bæði jákvæð og neikvæð áhrif en ljóst að mest fer fyrir þeim jákvæðu. Að mati framkvæmdaraðila verður málið ekki mikið betur upplýst

þótt það fari í umhverfismat. Rannsóknir liggja fyrir um þéttleika mófugla og hafa framkvæmdaraðilar leitað til Tómasar Grétars Gunnarssonar um að halda áfram rannsóknum á mófuglum og rjúpu og áhrifum skógræktar á þá stofna og viðkomu þeirra. Fyrirliggjandi upplýsingar sýna vart að um framkvæmdir sé að ræða sem hafi umtalsverð neikvæð umhverfisáhrif heldur þvert á móti jákvæðar breytingar á landnýtingu sem koma til með að leiða til mikillar verðmætasköpunar í framtíðinni.

Framkvæmdaraðilar óska eftir því að fá tækifæri til að gera athugasemdir við lögbundnar umsagnir og aðrar sem Skipulagsstofnun berst vegna tilkynningar þessarar.

Framkvæmdaraðilar óska eftir því að Skipulagsstofnun taki ákvörðun um hvort fyrirhuguð skógrækt á umræddum þremur spildum sé matsskyld.

Reykjavík, 8. janúar 2024,

F.h. framkvæmdaraðlia

Hannes Lentz

Ásmundur Skeggjason

Fylgigögn:

12. Loftmynd nr. 2
13. Landamerkjakort L
14. Landamerkjakort P
15. Staðfestingarskýrsla iCert fyrir Álfabrekku, dags. 17. október 2023,
16. Ræktunaráætlun fyrir Álfabrekku, dags. maí 2023
17. Ljósmyndir sem sýna ásýnd svæðis nú og sambærilegra svæða eftir sambærilegar framkvæmdir,
18. Ræktunaráætlun fyrir Álfadal, dags. maí 2023
19. Þemakort Grímsnes og Grafningshrepps fyrir 2008-2020.
20. PIN_Template_Skógarbrekkur uppfært (Ræktunaráætlun)
21. Skýrsla um Ræktunaráætlun Skóarbrekkur